

Ed.

41. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi afnotarétt landsvæða þeirra úr Garðalandi á Álftanesi, sem seld voru á leigu vorið 1932 mönnum, búsettum utan Garðahrepps og Hafnarfjarðar.

2. gr.

Ef um bætur verður að ræða fyrir réttindin yfir landsvæðunum eða mannvirki á þeim, greiðast þær úr kirkjujarðasjóði.

3. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram, selur eða leigir kirkjumálaráðherra landið Hafnarfjarðarbæ til ræktunar, ef samkomulag næst um skilmála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. áskorun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, og er útdráttur úr gerðabók hennar um þetta efni ásamt bréfi bæjarstjóra tekið upp á eftir greinargerð þessari.

Tildrög þessa máls eru þau, að er það fréttist haustið 1931, að skipta ætti áður óskiptu landi Garðakirkju á Álftanesi, fór bæjarstjórn Hafnarfjarðar þess á leit við ríkisstjórnina, að hún gæti fengið keyptan þann hluta af óræktuðu en ræktanlegu landi jarðarinnar, sem kæmi í hennar hlut er skipti færu fram. Ríkisstjórnin kvað sig bresta heimild til þessa, en hinn 20. maí 1932 var samþ. í Ed. þingsályktun um að skora á stjórnina að leigja Hafnarfjarðarkaupstað þann hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, sem félli í hlut heimajarðarinnar við skipti á áður óskiptu landi Garða. Þessari þáttill. var útbýtt á Alþingi 14. maí 1932, en með samningum, dagsettum 18. og 24. s. m., leigði stjórnin þeim Hermann Jónassyni lögreglustjóra í Reykjavík og Tryggva Guðmundssyni ráðsmanni á Kleppi spildu af landi þessu. Vera má og, að fleiri hafi fengið þarna land á leigu um þessar mundir.

Þar eð þessi landsvæði eru hluti af því landi, sem áðurnefnd þáttill. nær til, og bæjarstjórnin í Hafnarfirði er óánægð yfir, að ekki hefir verið í þessu farið eftir yfirlýstum vilja Ed., hefir mér verið falið að flytja þetta mál. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar óskar ákveðið, að hún eða íbúar kaupstaðarins fái þessi svæði til umráða til ræktunar, þar sem mikill hörgull er á ræktunarhæfu landi í grennd kaupstaðarins.

Stærð þessara tveggja landsvæða er samtals 43,2 ha., eða um 130 dagsláttur. Hafi fleiri fengið land þarna á sama hátt, er landstærðin auðvitað meiri.

Eftir því, sem öll atvik eru, sýnist mjög ólíklegt, að leigjendum landsins verði metnar nokkrar skaðabætur fyrir missi leiguréttarins, en skyldi svo verða, virðist kirkjujarðasjóður verða að greiða þær bætur.

Fylgiskjal I.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði. — Hafnarfirði, 17. febr. 1933.

Hér með sendi ég yður, herra alþingismaður, tillögu, er samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 31. f. m. út af sölu á Garðakirkjulandi, til fyrirgreiðslu á þann hátt, er þér teljið heppilegastan.

Virðingarfyllst.

Emil Jónsson.

Til herra alþingismanns Bjarna Snæbjörnssonar.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

„Ár 1933, hinn 31. jan., hélt bæjarstjórn Hafnarfjarðar fund með sér á venjulegum stað og tíma.

Á fundinum gerðist sem hér segir:

1. Lesin upp fundargerð fasteignanefndar, dags. 23. jan. s. l. og samþykkt. Í sambandi við 6. lið fundargerðarinnar var samþykkt tillaga frá Þorleifi Jónssyni, svo hljóðandi:

Út af afhendingu bezt ræktanlega svæðisins úr útlandi kirkjujarðarinnar Garða í Garðahreppi til manna búsettra utan Garðahrepps og Hafnarfjarðar, sem átti sér stað á síðastliðnu vori, ályktar bæjarstjórnin að fela þingmanni kaupstaðarins að beita sér fyrir því á næsta Alþingi, annaðhvort með flutningi þingsályktunartillögu eða frumvarps, að umrædd afhending á nefndu landsvæði úr Garðakirkjulandi verði ógilt og landsvæðið afhent Hafnarfjarðarkaupstað til ræktunar, annaðhvort með venjulegum erfðafestuskilmálum, eða þá með hreinni sölu“.

Ofanskráð tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Rétt eftirrit staðfestir

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði.

Emil Jónsson.